

stjórnarfrumvarpinu), um breytingu á tilskipun $1\frac{1}{2}$ 72 um póstmál, um brunamál í Reykjavík, um læknaskipun, um löggilding verzlunarstaðar á Vestdalseyri, og annars við Blönduós.

Fellid hafa verið þessi frumvörp: um að löggilda verzlunarstað í Þorlákshöfn (samþykkt í neðri d., fellt í efri með 6 atkv. gegn 5), um að löggilda verzlunarst. við Kópaskersvog í Þingeyjarsýslu (samþ. í efri deild, fellt í neðri), um að heimila lausakaupmönnum uppsiglingu á Fjallahöfn í Þingeyjars. (fellt í efri d.), um breytingu á landskuldagjaldi í Vestmannaeyum, (samþ. í neðri d., fellt í efri), um að breyta tilhöguninni á birtingu laga (fellt í neðri d. eptir mikinn brakning milli deildanna).

Nýmæli nokkur hafa enn verið borin upp í neðri deild; eru þessi hin helztu: um að *afnema alþingistoll* (frá 14 þingmönnum), og um *vitagjald*. Vita skal reisa á Reykjanesi syðra á ríkiskostnað, en landið standa straum af honum að öðru leyti með vitagjaldi af skipum.

Póstskipið lagði af stað hjedán 27. f. m. Með því sigldu til Hafnar stórkaupmennirnir Lefolli, Havstein og Fischer og stúdentarnir Franz Siemsen, Friðrik Petersen og Þorvaldur Thoroddsen. Til Berufjarðar: síra Jón Jónsson Bjarnanesprestur (frá Melum). — Póstskipið á að fara af stað frá Khöfn hingað 16. þ. m. og 5. sept. hjedán aptur.

— Póstar fóru allir á tilteknum tíma.

— Um jarðarför Jósefs Skaptasonar er oss ritad 14. f. m.: «Við jarðarför þessa merkismanns (er framfóri gær 13. þ. m.) sást það, að bæði Húnvetningar og enda Skagfirðingar þóttust hafa mikils misst, því það mun sjaldgæft til sveita, að annar eins mannfjöldi sjáist við jarðarför, sem þessa. Á sorgarheimilinu (Haasum) kom saman undir eins um morguninn um 150 manns; voru þar menn úr flestum sveitum sýslunnar, og nokkrir Skagfirðingar. Tvær húskvedjur voru fluttar af prestunum Magnúsi Jósefssyni (syni hins látna) og Eiríki Briem á Steinnesi. Var svo líkkan borin af 12 mönnum til skiptis út undir Steinnes. Þar var hún ferjud yfir ána, en þaðan flutt á kviktrjám alla leið að Þingeyrum og fór mannfjöldinn allur á eptir. Þar bættust enn margir við, er farið höfðu beina leið þangað til að vera við útförina. Í kirkjunni fluttu ræður: Eiríkur prestur Briem og Jón prófastur Þórðarson á Audkúlu, en úti við gröfina, áður en kistan var látin niður síga, Hjörleifur prestur Einarsson á Goddölum. Sagðist prestunum vel, enda var eptir mikilhæfan mann að mæla, og vona jeg ræðurnar birtist síðar á prenti, ásamt æfisögu þessa merkismanns. Þess má ekki láta ógetið, að söngurinn fór prýðilega fram, undir stjórn síra Sigfúsar Jónssonar á Undirfelli. Þess þarf eigi að geta, að eigi skorti stórmannlega gestrisni við líkfyldgina af hendi ekkjufrúarinnar og barna hennar».

Sigurður Guðmundsson, málari.

Í landsprentsmíðjunni er nú að mestu alprentað minningarrit eptir Sigurð málara Guðmundsson, og hefir það inni að halda 1. *Æftágríp, samíð af Helga E. Helgesen*, 2. *Ræðu þá, er síra Matthías Jochumsson flutti við jarðarförina*, og 3. *Kvæði eptir þá Steingrím Thorsteinson, Matthías Jochumsson, Brynj-*

Forvígishetjur í framkvæmd og dád framleiddir þá mörgu sinni, enn sem þig hafa með heidri, vort láð, hafid og vonbjörtum árdegi fád, er óskum að aldregi linni. Heill sje um aldur þeim hródmögum Fróna, heiti meðal þeirra frægst er þó Jóns.

Daggeislar frelsis við framgöngu hans fegurst því skinið oss hafa, hjálpi svo þingstórfum hollvættur lands helgri með tryggingu einingarbands eins og vor um biður krafa. Þá mun oss auðnast með þreklyndi og dád þörfum vorum fá og rjettindum náð.

Leiðina byrji vort löggjafarþing lengi sem heillir jók áður, hvetji það tilkjörinn hvern þjóðmæring hraustlega framkvæma ráð gein sling vilji sem er til óháður, framtíðin með því að fögur og góð fengin verði hinni íslenzku þjóð.

Br. O.

ólf Jónsson frá Minnanúpi og Jón Ólafsson frá Ameríku. — Rit þetta er ákveðið að kosti 50 auro, þó það að eins sje $1\frac{1}{2}$ örk að stærð í stóru 8 blada broti; en verðið er sett svona hátt vegna þess að svo er til ætlað að Sigurði sál. verði reistur minnisvarði fyrir það, er afgangur verður prentunar-kostnaðinum, og er vonandi að eigi muni skorta kaupendur að riti þessu, þar sem það er mjög líklegt að margir góðir menn muni vilja styðja að því, að gróf okkar einasta listamanns og merkilega fornfræðings, sem með lagfæringu hins íslenzka kvennbúnings og stofnun forngripasafnsins o. fl. hefur gjört þjóð vorri svo mikinn sóma, það er vonandi og jafnvel líklegt, að mjög margir muni vilja styðja að því, að gróf hans verði einkennð frá öðrum gröfum með snotrum legsteini, sem vjer ætlum að muni síst upp úr bók þessari ef hún selzt vel. — Og eins og vjer ná skorum á þingmenn frá fjarlægum sveitum, að vera oss hjálpsamir í þessu efni, eins erum vjer þeim skólaláttum þakklátir, er þegar hafa lofað að styðja að söhu rits þessa í kringum sig.

Vjer undirskrifadir tókum að oss að geyma og ávaxta bæði sje það, sem vinir Sigurðar sál. og vandamenn kynnu að gefa í þessu skyni, og sömuleiðis það, sem inn kemur fyrir bókinu, og á sínum tíma að útvega fyrir það minnisvarða, og sjá um að hann verði settur á gróf vinar vors, er oss hefði langað til að hefði auðnast að lifa lengur.

Reykjavík 21. júlí 1875.

H. E. Helgesen. Steingr. Thorsteinson. Sigfús Eymundsson. Matth. Jochumsson. Björn Jónsson.

AUGLÝSINGAR.

— Þilskip, 16 lesta að stærð, í góðu standi, með öflugum grunnfærum og allskonar hákarlaveidarfærum í bezta standi, er fáanlegt til kaups. Nánari upplýsingar fást hjá ritstjóra þessa blads.

— Þjóðhátiðarmynd Gröndals (minningarblaðið) er nú prentuð í annað sinn ásamt skýringunum, og fæst hjá Sigfúsi Eymundssyni ljósmyndara í Reykjavík fyrir 2,40 kr. Þar fæst og tilbúin umgjörð um myndina fyrir 4 kr.

— Nýr ljár (enskur) hefir fundizt hjá Bryggjubúsinu í Reykjavík, og getur rjettur eigandi vitjað hans hjá Bjarna Kristjánssyni í Hlíðarhúsum, gegn fundarlaunum og borgun fyrir þessa auglýsingu.

— Stjórnartíðindi 1874 fást innhept á ritstofu landshöfðingja fyrir 95 auro.

— Blaðið «Sæmundur fróði» 1. árg., fæst hjá undirskrifudum innb. fyrir 2 krónur. Jón Hjaltalín.

— Með því holdsveikismedal það, sem jeg sagði frá í öllum blöðum vorum í vetur, er nú komið til mín. Mun jeg ókeypis láta það í tje fyrir 2 sjúklinga úr hverju amti, og verða þeir sem meðölin vilja brúka án borgunar að leggja sig inn á spítalann hjer í bænum í hið minnsta mánaðartíma, og verður vera þeirra þar að vera á þeirra eigin kostnað.

Reykjavík, 30. júní 1875. Jón Hjaltalín.

— Sökum knýjandi kringumstæða sjálfs mín leyfi jeg mjer hjer með vinsamlegast að mælast til, að þeir, sem eiga mjer skuld að gjalda, vildu gjöra það fyrir lok þessa mánaðar, því annars neyðist jeg til að leita rjettar mínis á annan hátt, eptir því sem lög leyfa. Þó eru þeir undanskildir, sem jeg hef gjört samninga við. Reykjavík, 6. ágúst 1875.

H. C. Robb.

«Norðlingur».

blad það, er forstöðumaður prentsmíðjunnar á Akureyri, cand. phil. Skapti Jósefsson hefur nýstofnað, er til sölu hjá Brynjólfi Oddssyni bókbindara í Reykjavík (í Bakarstignum). Það er álika stórt og Norðanfari, kemur út 2—3 á mánuði, og kostar 3 krónur árgangurinn.

— Fá r m a r k Jóhannesar Jóhannessonar á Sporði: tvístýft apt. bití fram. hægra, geirstýft vinstra.

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Björn Jónsson, cand. phil.

Landsprentsmíðjan í Reykjavík. Einar Þórðarson.